

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2009

ABC barnahjálp á Íslandi
Síðumula 29
108 Reykjavík
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Sundurliðanir	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og árið á undan þrátt fyrir afar erfitt efnahagsástand á Íslandi og nauðsynlegan niðurskurð sökum gengis krónunnar. Öllum samstarfsaðilum var tilkynnt að ekki yrði hægt að senda nema ríflega helming þess framlags í dollurum talið sem sent hafði verið árið áður og áherslan þyrfti að vera á að minnka útgjöld eins og hægt væri til þess að hægt yrði að halda öllum skólunum opnum. Margir stuðningsaðilar þurftu að hætta stuðningi en aðrir bættust í hópinn og fjölgaði samtals um 3 á árinu. Voru stuðningsaðilar 6859 talsins í árslok. Börnum undir verndarvæng ABC fækkaði um 187 börn á árinu eða frá 11.941 barni í ársbyrjun í 11.754 börn í árslok. U.þ.b. 4000 af þeim börnum bjuggu á heimavistum og barnaheimilum ABC.

Á Indlandi stóð starfið að mestu í stað og var aðallega reynt að halda í horfinu og aðlaga starfið að minnkuðu fjármagni til reksturs. Reynt var að hagræða eins og hægt var. Öðru götubarnaathvarfinu í Chennai fyrir götubörn í aðlögun var lokað tímabundið og börnin tekin inn á El Shaddai barnaheimilið. Ekki var hægt að mæta brýnustu byggingarþörfum s.s. nýjum skólabyggingum, hvorki fyrir El Shaddai barnaheimilið né Heimili litlu ljósanna. Undir áramótin var þó ráðist í nýja skólabyggingu á Heimili litlu ljósanna en skólinn var gefinn sem minningargjöf.

Í Úganda þurfti að minnka matinn við dagskólaborðin, fresta nauðsynlegum framkvæmdum og leggja tímabundið niður nýstofnað hjálparstarf fyrir ófrískar stúlkur og mæður á unglingsaldri. Hafist var handa við viðamikil sjálfbærni-verkefni sem var kostað af sölu bókarinnar Allir geta eldað og felst í matjurtaræktun á 50 ekrum lands sem hjálpar til við að fæða börnin í ABC skólunum í Rackoko. Einnig var opnað ABC gistihús og hagnaðurinn af því notaður til að reka útvarpsstöðina Radio Palwak sem ABC rekur sem samfélagsútvarp með ýmis konar fræðslu.

Í Pakistan voru áfram reknir 13 skólar fyrir 2815 börn. Í júní var nýtt skólahús í Gujranwala tekið í notkun en það var byggt fyrir söfnunarfé skólanema úr Fjölbrautarskólanum í Ármúla. Machike heimavistin var tekin í notkun í janúar fyrir drengi þrátt fyrir að ýmsu væri enn ólokið og stúlkurnar fluttu síðar á árinu út á nýja landið í bráðabirgðahúsnæði. Skólinn er einnig í bráðabirgðahúsnæði og er mikil þörf á að ljúka byggingarframkvæmdum sem fyrst og ganga frá rafmagni og hreinlætisaðstöðu.

Í Kenya þurfti að vísa ríflega 80 börnum af heimilinu vegna fjárskorts. Heimilið flutti í ódýrara húsnæði í hjarta Mathare fátækrahverfisins í Nairobi og reyndist það bæði hagkvæmara fyrir reksturinn og þægilegra fyrir börnin. Fjárskortur var mikill og var starfið orðið skuldum vafið og komið í öngstræti þegar neyðarkall var sent til stuðningsaðila í september. Í kjölfarið var hægt að rétta úr kútnum með fjármagninu sem safnaðist þótt reksturinn væri áfram þungur.

Í Líberíu héldu byggingarframkvæmdir áfram við heimavist og matsal auk gestahúss og aðstöðu fyrir starfsmenn sem er kostuð frá Bandaríkjunum. Einnig héldu framkvæmdir áfram við skólabygginguna sem ABC í Færeyjum sér um að kosta á sama stað. Þótt mörgum brýnum framkvæmdum þyrfti að fresta s.s. á sviði hreinlætisaðstöðu, rafmagns og vatns var bæði heimavist og skóli tekin í notkun.

Í Senegal fjölgaði skólaborðnum í ABC skólanum en auk hans rak starfið dagathvarf og fótboltaskóla fyrir götudrengi frá Guinea Bissau. Mikil þörf er á að fá nýtt húsnæði fyrir athvarfið sem er rekið í sama húsnæði og skólinn. Annað brýnt verkefni er að koma upp heimili og skóla í Guinea Bissau en í tengslum við starfið í Senegal heldur ABC í Guinea Bissau úti aðstoð við heimsenda götudrengi.

Á Filippseyjum fækkaði börnunum verulega í þeim sjö ABC skólum sem settir voru á fót á Luzon og Negros eyjum árið áður. Ástæðan var sú að ekki var hægt að standa við loforð um að börnin fengju skólamáltíðir í skólunum og tóku því foreldrarir börnin aftur til að afla tekna.

Í Burkina Faso fjölgaði börnunum þegar nýtt skólaár hófst í september, byggð var eldunaraðstaða og aðstaða fyrir húsvörð. Einnig var sett upp skýli sem notað er fyrir matsal.

Á árinu 2009 voru þrír til fjórir launaðir starfsmenn á skrifstofu ABC í samtals 2,5 - 2,8 stöðugildum auk tölvumanns í 25% starfi. Starfsmenn ABC barnahjálpar voru á launaskrá hjá Vínafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC. Hluti af öðrum rekstrarkostnaði ABC barnahjálpar var einnig greiddur af Vínafélaginu.

Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

U.þ.b. 3650 sjálfboðaliðar unnu við margvíslega skrifstofuvinnu, hönnun, myndbandagerð, pökkun og sölu, dreifingu bæklinga, tónleikahald, auglýsingagerð, safnanir, kennslu og umsjón ABC skólans, nytjamarkað, bókhald, endurskoðun, hjálparstarf erlendis o.fl. U.þ.b. 14.000 - 15.000 vinnustundir voru gefnar á árinu. Aðrar óbeinar gjafir á árinu sem ekki koma fram í ársreikningi voru t.d. ókeypis húsaleiga að hluta til, rafmagn, hiti, pappír, prentun, framköllun mynda, afnot af bíl, tryggingar, bensín og rekstrarvörur auk margs konar afsláttar af efni og þjónustu.

Í nóvember var ABC skólinn stofnaður og settur á fót sem undirbúnings- og þjálfunarskóli fyrir fólk sem vill kynna sér hjálparstarf. 43 nemendur sóttu fyrsta námskeiðið sem stóð í 15 vikur og var samtals 375 kennslustundir auk vettvangsferðar sem farin var eftir áramótin.

ABC barnahjálpar var stofnuð í Malí á árinu og er starfið þar undir umsjá ABC í Englandi.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi jukust um tæp 7% frá árinu áður.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi í gegnum ABC International nam 298,5 milljónum króna.

Stjórn ABC barnahjálpar staðfestir hér með ársreikning ársins 2009 með áritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2010.

Í stjórn hjálparstarfsins:

Jóhanna Sigurðsson
Helga J. Sigurðardóttir
Helena hj. Suleimán
Erla Smilgsd
Guðrún Margrét Valsdóttir
Samuél Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 4. maí 2010.

KPMG hf.



Rekstrarreikningur ársins 2009

	2009	2008
Rekstrartekjur:		
Gjafir og áheiti	288.594.513	257.142.014
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	13.826.982	22.895.760
Vörusala	0	335.778
Opinberir styrkir	10.000.000	8.000.000
	312.421.495	288.373.552
 Rekstrargjöld:		
Hjálparstarf erlendis, sent gegnum ABC barnahjálpar International	298.464.811	279.929.428
Kostnaðarverð seldra vara	0	323.500
Vínafélag ABC barnahjálpar	8.572.732	4.191.261
Annar rekstrarkostnaður	4.804.566	8.901.238
	311.842.109	293.345.427
 Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	579.386	(4.971.875)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og gengismunur	430.829	984.531
Vaxtagjöld	0	(10.196)
Fjármagnstekjuskattur	(50.029)	(98.440)
	380.800	875.895
 Hagnaður (tap) ársins	960.186	(4.095.980)

Efnahagsreikningur

Eignir

	2009	2008
Fastafjármunir:		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag	230.000	230.000
Fastafjármunir	<u>230.000</u>	<u>230.000</u>
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	540.517	182.180
Óbundnar bankainnstæður	6.509.541	5.907.692
Veltufjármunir	<u>7.050.058</u>	<u>6.089.872</u>
Eignir samtals	<u><u>7.280.058</u></u>	<u><u>6.319.872</u></u>

31. desember 2009

Eigið fé

	2009	2008
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	7.280.058	6.319.872
Eigið fé samtals	<u>7.280.058</u>	<u>6.319.872</u>

Eigið fé samtals	<u>7.280.058</u>	<u>6.319.872</u>
-------------------------	------------------	------------------

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2009

	2009	2008
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður (tap) ársins	960.186	(4.095.980)
Veltufé frá (til) rekstrar	<u>960.186</u>	<u>(4.095.980)</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir, lækkun	0	323.500
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(358.337)	179.987
Skammtímaskuldir, lækkun	0	(153.072)
	<u>(358.337)</u>	<u>350.415</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>601.849</u>	<u>(3.745.565)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	601.849	(3.745.565)
 Handbært fé í ársbyrjun	5.907.692	9.653.257
 Handbært fé í árslok	<u>6.509.541</u>	<u>5.907.692</u>

Sundurliðanir

	2009	2008
Hjálparstarf erlendis, sent gegnum ABC barnahjálpar International		
Sent til Comforter Ministries	13.325.609	15.182.659
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	9.343.422	24.827.096
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	56.443.172	48.635.752
Sent til Reach / Heimili litlu ljósanna á Indlandi	77.825.892	72.195.598
Sent til Mission of Mercy	1.070.629	1.111.059
Sent til ABC barnahjálpar í Senegal	606.658	4.028.469
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	62.775.599	43.275.030
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	27.950.966	31.630.076
Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu	16.662.195	26.851.044
Sent til Burkina Faso	7.891.137	1.997.528
Sent til Norrænu barnahjálparinnar	13.514.890	0
Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis	11.054.822	10.195.117
	298.464.991	279.929.428
Annar rekstrarkostnaður		
Tölvukerfi; forritun og annar tölvukostnaður	0	2.457.515
Viðhald áhalda	0	116.997
Rekstur skrifstofu	0	111.871
Burðargjöld	0	1.584.942
Pappír, prentun og ritföng	0	482.566
Símakostnaður	0	221.926
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	4.804.566	3.572.936
Kostnaður við safnanir	0	223.015
Ýmis gjöld	0	129.470
	4.804.566	8.901.238
Óráðstafað eigið fé:		
Eigið fé 1.1.2009	6.319.872	10.415.852
Hagnaður (tap) ársins	960.186	(4.095.980)
Eigið fé 31.12.2009	7.280.058	6.319.872